

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 83/98  
frá 25. september 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 71/98 frá 31. júlí 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 97/41/EB frá 25. júní 1997 um breytingu á tilskipunum 76/895/EBE,  
86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á  
annars vegar ávöxtum, matjurtum, kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar  
tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(2)</sup> skal felld inn í  
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE) í XII. kafla II.  
viðauka við samninginn:

„- **397 L 0041**: Tilskipun ráðsins 97/41/EB frá 25. júní 1997 (Stjtið. EB L 184,  
12.7.1997, bls. 33).“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 12.7.1997, bls. 33.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0041**: Tilskipun ráðsins 97/41/EB frá 25. júní 1997 (Stjtið. EB L 184, 12.7.1997, bls. 33).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0041**: Tilskipun ráðsins 97/41/EB frá 25. júní 1997 (Stjtið. EB L 184, 12.7.1997, bls. 33).“

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0041**: Tilskipun ráðsins 97/41/EB frá 25. júní 1997 (Stjtið. EB L 184, 12.7.1997, bls. 33).“

5. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/41/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner